

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingu:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Grafarbakka II.*  
Gert er ráð fyrir 12 frístundahúsalóðum á 8 ha svæði, 8 lóðum 4.200 m<sup>2</sup> og 4 lóðum 6.200 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt er að reisa allt að 100 m<sup>2</sup> frístundahús og allt að 20 m<sup>2</sup> aukahús.  
Samþykkt í sveitarstjórn 2. nóvember 2006.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðarinnar Hólafýfi, Dalaland, í landi Reykjadal.*  
Á 12 ha svæði er gert ráð fyrir 14 lóðum á bilinu 0,5 - 0,7 ha að stærð. Heimilt er að reisa allt að 120 m<sup>2</sup> frístundahús og 20 m<sup>2</sup> aukahús. Hámarkshæð húsa er 6 m.  
Samþykkt í sveitarstjórn 2. nóvember 2006.
3. *Breyting á deiliskipulagi íbúðahúsalóða við Högnastíg og Smiðjustíg, Flúðum.*  
Í breytingunni felst að lóð nr. 11 fellur út og stærð lóða nr. 11, 11b, 14, 16, 18, 20, 22 breytist lítillega vegna landaðstæðna.  
Samþykkt í sveitarstjórn 2. nóvember 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 19. desember 2006.*  
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,  
**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2007